

Borgarráð
16. ágúst 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að sett verði á laggirnar nýtt sérskólaúrræði í Reykjavík

Lagt er til að fleiri sérskólaúrræði verði sett á laggirnar í Reykjavík enda er Klettaskóli sprunginn. Klettaskóli er eini sérskólinn í Reykjavík af sinni gerð en í honum stunda börn með sérþarfir vegna þroskahömlunar nám. Flokkur fólksins telur að fleiri slík úrræði þurfi enda mörg börn nú á biðlista sem Klettaskóli getur ekki tekið inn. Í sérskólaúrræði eins og Klettaskóla og öðrum sambærilegum skólaúrræðum er mikilvægt að inntökuskilyrðin séu með þeim hætti að hver umsókn sé metin í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um nemandann. Í þessum efnum eiga foreldrar ávallt að hafa val enda þekkja foreldrar börn sín best og vita þess vegna hvað hentar barni þeirra námslega og félagslega. Ekki má bíða lengur með að horfa til þessara mála og fjölga úrræðum. Það er réttur hvers barns að fá skólaúrræði við hæfi þar sem því líður vel, þar sem námsefni er við hæfi og þar sem félagslegum þörfum þess er mætt, þar sem það er meðal jafningja.

Greinargerð:

Brún þörf er á að setja á laggirnar annan sérskóla sambærilegan Klettaskóla þar sem myndast hefur biðlisti barna í hann sem óska eftir að stunda nám í skólanum. Þegar kemur að uppbyggingu innviða sérskóla fyrir börn með þroskahömlun eru nokkur atriði sem skipta sérstaklega miklu máli. Þjóða þarf upp á mikinn sveigjanleika og fjölbreytni enda þarfir barnanna afar ólíkar. Til staðar þarf að vera fullnægjandi sérþekking á málefnum barna með þroskahömlun. Heildstæður skóli er fyrirkomulag sem hentar börnum með þroskahömlun vel. Allt fyrirkomulag sem tryggir stöðugleika og öryggi skiptir börn með þroskahömlun sérstaklega miklu máli. Með heildstæðum skóla er átt við að starfi skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eina heild. Arnarskóli í Kópavogi er sem dæmi með þetta fyrirkomulag og hefur það sýnt sig að henti börnunum vel. Með þessu er hægt að tryggja samfellu sem eykur líkur á þroska og betri líðan. Með heildstæðum skóla skapast meiri sveigjanleiki og auðveldar að koma á móts við ólíkar þarfir nemenda.